

## Stjórnarfundur SÍK 17. nóvember 2015 kl 18:00

Mættir: Allir nema varamenn. Ritningalestur: Ólafur las úr Hebreabréfinu 3. Sambæn.

### 1. Fundargerðir.

- a. Engar athugasemdir við fundargerð síðasta stjórnarfundar, 20. október.

### 2. Fjárhagsstaðan.

- a. Vegna veikinda er ekki búið að færa nóg til að skoða nýja stöðu.
- b. Saltskuldarmálin eru ófrágengin. Skoða þarf uppsafnaða skuld í samráði við endurskoðanda. Hermann fylgir því eftir við hann.

### 3. Stuttar fréttir og ýmislegt frá síðasta stjórnarfundum

- a. Finnsku sjálfbóðaliðarnir eru rétt rúmlega tvítugt. Hugmynd um að þau geti tekið þátt í einhverju starfi með KSS og KSF, t.d. söngleik, undirbúningur undir UL eða annað. Verða líklega frá miðjum janúar fram í miðjan apríl. Húsnæði hugsanlega í gistiheimili Guðsteins og Bjargar. Beðið er eftir meðmælum með þeim.
- b. Faghandleiðsla starfsfólks. Stjórnin samþykkti að framkvæmdastjóri fái að taka námsleyfi í þrjá mánuði. Kristín gegni hlutverki framkvæmdastjóra meðan á þeim tíma stendur. Kristján tekur hugsanlega einhver verkefni til viðbótar sínum hefðbundnu eftir að hann er kominn frá Eþíópíu. Kalli þyrfti einnig að taka töluverðan þátt í starfi skrifstofunnar að hluta til og Anna héldi áfram á Basarnum. Þörf er á að greina hlutverk og verkefni starfsmanna og meta hvernig starfstímanum er varið í hin ýmsu verkefni hvers og eins í hverri viku. (Hvaða verkefni, hve mikill tími, hve mikilvægt, t.d. á viku (dagleg verkefni) og á ári (árstíðaverkefni)). Jafnframt sé skoðað hvernig verkefni styðja við markmið og tilgang SÍK.
- c. Ferðalög. Sigurður Árni og fjölskylda fer 25. janúar og til baka 18. febrúar. Jónas og Ingibjörg fara 12. Janúar og munu fylgja þeim um. Kjellrun og Skúli fara til Kenýu á sama tíma og eru til 20. febrúar, en Jónas og Ingibjörg koma í vor. Fanney og Fjölur fara um jólin til Kenýu og Kristján og Helga ásamt börnum fara u.þ.b. 10. desember til Eþíópíu og til baka um 10. janúar. Þörf er á að setja niður reglur um gisti- og ferðakostnað fólks sem ferðast á vegum SÍK. Hermann kemur með tillögu til stjórnar til umræðu.
- d. UL, Krung. Fararstjóramál. Kynningarfundur var ekki fjölsóttur. Rúmur tugur ungmenna kom. Kynnt var að fara mætti í Krung í beinu framhaldi. Ekki virtist vera mikill áhugi á Krung eins og er. Áhugi verður kannaður eftir áramót.
- e. Laganefnd SÍK hefur haldið samskiptum áfram varðandi þrennt: Notkun söfnunarfjár, starfsmannaráðning hjá aðildarfélögum, fjöldi í stjórn, hátíðlegt orðalag og nafn samtakanna (að taka inn nafnið „Kristniboðssambandið“). Tillögur um hugsanlegar breytingar frá nefndinni verði lagðar fyrir félög og boðað til umræðufundar.

### 4. NLT Biblíupýðingin.

Salt ehf hefur verið beðið að skoða þátttöku í undirbúningi að útgáfu hennar á íslensku. Þráinn Kristinsson frá Kanada er forgangsmaður þessa. Tillaga að gefa út prufuútgáfu að Jóhannesarguðspjalli og mætti tengja boðunarferð YWAM til Íslands í vor/sumar þar sem boðið er upp á Biblíu eða hluta hennar. Eins gæti komið hópur frá Gídeon í Kanada. Skilyrði

er að trúaðir einstaklingar veljist sem þýðendur. Málfar sé mjög vandað og vel að öllu staðið. Tryggt verður að vera að þetta verði ekki fjárhagslegur baggi á Salti ehf. Styrkir þurfa að standa straum að kostnaðinum þar sem við höfum ekki bolmagn til að afla styrkja umfram það sem fer til starfs SÍK. Tekjur þurfa einnig að dekkja alla vinnu við bókhald og utanumhald. Verði tekjur af þessu renni þær til Salts ehf. Þetta gæti verið mjög jákvætt og lyftistöng fyrir Salt í framtíðinni. Tyndale útgáfufélagið er bakhjarl og útgefandi á öðrum tungumálum og á þýðinguna. Kynna þarf þetta fyrir kristniboðsfélögunum og kristniboðsvinum með ákalli um að biðja fyrir þessu verkefni.

#### 5. **Biblískólinn í Fjellheim frá Tromsö í Noregi.**

Hópur frá skólanum kom í heimsókn í haust og er áhugi á að halda slíkum heimsóknum áfram en þá í viku í senn og í formlegum samskiptum við SÍK. Þjóða mætti upp á biblíunámskeið eða slíkt í tengslum við ferðinni en hópurinn tók annars líka þátt í starfi KSF og KSS og SÍK. Ferðirnar yrðu að hausti. Það væri hægt að senda einhverja austur eða norður. Einn kennari fylgdi hópnum. Stjórnin tók jákvætt í hugmyndina.

#### 6. **Heimastarfið**

Skoða þarf verkefni og forgangs röðun, hvað erum við að gera, hvað ættum við að vera að gera. Helgarráðstefnan sem var í Ölveri mætti skoðast og meta árangur hennar. Út úr henni komu 6 áhersluatriði: Ungt fólk (æskulýðs- og tónlistarstarf), bænastarf, kærleikssamfélagið, kristniboðskallið, fræðslumál og samkomustarf. Vegna leyfis framkvæmdastjóra erum við knúin til að forgangsraða og skipuleggja hvað við viljum gera. Stefnumótun og hvernig hún verður að raunveruleika, í stað þess að bregðast bara við. Taka þarf tíma til að vinna úr hlutunum, ákveða aðgerðir og skref. Svisslendingar vilja hjálpa okkur við að byggja upp internet-starf fyrir ungt fólk. Vilja fá einhverja héðan til að skoða það. Skoða má skýrsluna frá samverunni eftir að framkvæmdastjóri kemur úr leyfi. Bænakeðjan er byrjuð og við getum líka tekið þátt í samkirkjulegu bænakeðjunni sem ætlar að biðja fyrir landi og þjóð alla klukkutíma sólarhringsins alla daga.

#### 7. **Næsti fundur: Miðvikudaginn 9. desember 2015 frá 18-20.**

#### 8. **Önnur mál:**

- a. Athugað skal hvort hægt sé að fá nýjan endurskoðanda fyrir SÍK og Salt ehf. Gulli athugar.
- b. Breytingar á Basarnum, stækkun húsnæðisins. Páll athugaði hvort greiða þurfi fyrir stækkun Basarsins til Húsfélagsins vegna gamallar bókunar þess efnis. Enginn hefur þó greitt neitt. Ekki stendur til að því verði fylgt eftir að sögn formanns Húsfélagsins. Enginn sé bundinn til að taka þátt í breytingum annarra. Leggja þarf inn gömlu teikningarnar með breytingum sem við gerum og undirskrift allra annarra eigenda. Þetta þurfa arkitektar að gera. Tilboð í þá vinnu er hluti af því 1 mkr tilboði sem arkitekt hússins kom með og teiknaði fyrir aðra sem hafa breytt.